

Happdrætti Háskóla Íslands

Samstæðuársreikningur 2023

Happdrætti Háskóla Íslands

Kennitala 600169-3009

Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar og forstjóra	2
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9

Skýrsla stjórnar og forstjóra

Samstæðuársreikningur Happprættis Háskóla Íslands innifelur Happprætti Háskóla Íslands og dótturfélagið Húseignin Steindórsprent ehf.

Meginstarfsemi félagsins

Happprætti Háskóla Íslands var stofnað með lögum árið 1933 og fór fyrsti útdráttur fram 10. mars 1934. Tilgangur með stofnun happprættisins er að afla fjár til húsbýgginga Háskóla Íslands, viðhalds þeirra og til tækjakaupa. HHÍ er ríkisstofnun og starfar samkvæmt lögum nr. 13/1973 og starfrækir þrjú happprættisform; flokkahappprætti, skjávélahappprætti undir heitinu Gullnáman og skyndihappprætti undir heitinu Happprennan. Skilgreint hlutverk HHÍ er að veita fólki upplifun og afþreyingu sem felur í sér von um fjárhagslegan vinning. HHÍ gerir það með ábyrgum hætti í sátt við samfélagið.

Starfsemin á árinu

Samkvæmt rekstrareikningi námu hreinar happprættistekjur samstæðunnar 827 milljónum króna á árinu samanborið við 904 milljónir króna árið áður. Hagnaður ársins var 2.013 milljónir króna og hefur hækkað um 423 milljónir milli ára. Heildareignir í árslok nema 7.017 milljónum króna og eigið fé nemur 5.900 milljónum króna.

HHÍ hefur lagt ríka áherslu á ábyrga spilun og hefur meðal annars innleitt staðal samtaka evrópsku happprættisfyrirtækja um ábyrga spilun. HHÍ þróaði smáforrit (app) sem fékk heitið Happið og verður það innleitt í áföngum á árunum 2023-2025. Fyrsti fasinn fór í loftið í maí 2023. Í öðrum og þriðja fasa verður innleitt rafrænt spilakort að norrænni fyrirmynd en markmiðið með því er að stuðla að heilbrigðari leikjamarkaði og ábyrgri spilun, sporna við spilavanda og verjast peningabætti. Með rafrænu spilakorti gefst þátttakendum kostur á að stýra þátttöku sinni og setja sér mörk í Gullnámunni eða útiloka sig frá spilun, tímabundið eða varanlega. Takmarkanir sem þessar á starfsemi Gullnáunnar og mögulegar breytingar á umgjörð happprættismarkaðarins geta haft veruleg áhrif á tekjuöflun og afkomu HHÍ. HHÍ leggur áherslu á að allar breytingar á happprættismarkaði verði skoðaðar með heildrænum hætti og beinir því til stjórnvalda að taka á ólöglegri netspilun sem hefur fengið að viðgangast hér á landi um langt skeið án nokkurs ávinnings fyrir íslenskt samfélag. Undir lok árs fór HHÍ í útboð á 30 happprættisvélum og hefur gengið frá kaupum við lægst bjóðanda. Á árinu 2024 standa líkur til þess að útboðsaðferðinni verði beitt í auknum mæli við innkaup.

Stjórn happprættisins samanstendur af tveimur konum (67%) og einum karli (33%) og er óbreytt milli ára. Fjöldi ársverka var 13,59 (2022: 16).

Það er álit stjórnar og forstjóra Happprættis Háskóla Íslands að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu happprættisins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu, komi fram í samstæðuársreikningnum.

Ráðstöfun hagnaðar

Hagnaði Happprættis Háskóla Íslands er ráðstafað til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands, viðhalda þeim og til tækjakaupa. Jafnframt greiðir HHÍ árlegt leyfisgjald í Ríkissjóð, 150 milljónar króna, sem rennur til innviðarsjóðs Rannís. Á árinu var ráðstafað 425 milljónum króna til Háskóla Íslands samanborið við 775 milljónum króna árið áður.

Eignaraðild

Happprætti Háskóla Íslands er í eigu Háskóla Íslands.

Skýrsla stjórnar og forstjóra

Yfirlýsing stjórnar

Að bestu vitneskju stjórnar er samstæðuársreikningurinn saminn í samræmi við lög um ársreikninga og gefur hann glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu samstæðunnar. Að auki geymir skýrsla stjórnar glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu þess og lýsir helstu áhættu- og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir. Sjá einnig skýringu 18. um fjárhagslega áhættustjórnun. Stjórn Happprætti Háskóla Íslands og forstjóri staðfesta hér með samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2023 með áritun sinni.

Reykjavík, 10. apríl 2024.

Víðir Smári Petersen
stjórnarformaður

Jenný Bára Jensdóttir
stjórnarmeðlimur

Kristbjörg Edda Jóhannsdóttir
stjórnarmeðlimur

Bryndís Hrafnkelsdóttir
forstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Happraættis Háskóla Íslands

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Happraættis Háskóla Íslands og dótturfélags (samstæðan) fyrir árið 2023, að undanskilinni skýrslu stjórnar og forstjóra.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2023, efnahag hennar 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Samstæðuársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar og forstjóra
 - Rekstrarreikning ársins 2023
 - Efnahagsreikning 31. desember 2023
 - Sjóðstreymi ársins 2023
 - Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar
- Skýrsla stjórnar og forstjóra er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óháði

Við erum óháð samstæðunni samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar og forstjóra sem lá fyrir við áritun okkar. Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að

Hvað varðar skýrslu stjórnar og forstjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í samstæðuársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórnendum samstæðunnar að meta hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning samstæðunnar á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa samstæðuna upp eða hætta rekstri hennar, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi samstæðunnar. Stjórnendum samstæðunnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á samstæðuársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi samstæðunnar eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi hennar. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í samstæðuársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að samstæðan verði ekki lengur rekstrarhæf.

Metum framsetningu, gerð og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Öflum nægjanlegra endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga félaga og eininga innan samstæðunnar og gefum út álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ábyrgð á álitum okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 10. apríl 2024.

PricewaterhouseCoopers ehf.

Sara Henný H. Arnbjörnsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýringar	2023	2022
Hreinar happdrættistekjur	4	3.778.673.142	3.634.632.545
Rekstur happdrættis		<u>(1.141.236.661)</u>	<u>(1.022.729.818)</u>
Hrein velta		2.637.436.481	2.611.902.727
Aðrar tekjur	5	40.601.307	40.242.220
Laun og launatengd gjöld	6	(218.218.227)	(243.992.465)
Breyting lífeyrisskuldbindingar	15	(66.272.173)	(24.900.592)
Annar rekstrarkostnaður		(351.127.985)	(281.236.488)
Leyfisgjald	7	(150.000.000)	(150.000.000)
Afskriftir	9	<u>(134.625.687)</u>	<u>(104.247.268)</u>
Rekstrarhagnaður		1.757.793.716	1.847.768.134
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	8	255.157.932	(258.178.477)
Hagnaður ársins		<u>2.012.951.648</u>	<u>1.589.589.657</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýringar	2023	2022
Fastafjármunir			
Efnislegar eignir:			
Fasteignir og lóðir		583.103.198	583.305.346
Áhöld, tæki og innréttingar		352.604.960	415.529.396
Bifreiðar		5.422.314	7.444.194
	9	<u>941.130.472</u>	<u>1.006.278.936</u>
Fastafjármunir samtals		941.130.472	1.006.278.936
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	10	210.167.383	185.806.737
Aðrar skammtímakröfur	11	35.892.316	16.982.504
Markaðsverðbréf	12	5.458.651.835	3.633.962.049
Handbært fé	13	371.116.734	1.196.171.899
		<u>6.075.828.268</u>	<u>5.032.923.189</u>
Eignir samtals		<u>7.016.958.740</u>	<u>6.039.202.125</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Höfuðstóll		6.325.153.810	5.087.202.162
Ráðstafað til Háskóla Íslands		(425.000.000)	(775.000.000)
	14	<u>5.900.153.810</u>	<u>4.312.202.162</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir:			
Lífeyrisskuldbinding	15	670.679.414	648.507.331
		<u>670.679.414</u>	<u>648.507.331</u>
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		64.040.744	64.601.254
Ógreiddir vinningar		114.059.380	54.918.094
Ríkissjóður vegna leyfisgjalds	7	150.000.000	150.000.000
Skuld við Háskóla Íslands	16	0	700.000.000
Aðrar skammtímaskuldir		118.025.392	108.973.284
		<u>446.125.516</u>	<u>1.078.492.632</u>
Skuldir samtals		1.116.804.930	1.726.999.963
Eigið fé og skuldir samtals		<u>7.016.958.740</u>	<u>6.039.202.125</u>
Viðskipti við tengda aðila	16		
Aðrar upplýsingar	17		

Sjóðstreymi ársins 2023

	Skýringar	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Rekstrarhagnaður		1.757.793.716	1.847.768.134
Afskriftir	9	134.625.687	104.247.268
Söluhagnaður fastafjármuna		0	(1.755.805)
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu	15	<u>22.172.083</u>	<u>(14.735.897)</u>
		1.914.591.486	1.935.523.700
Breyting rekstartengda eigna og skulda:			
Veltufjármunir		(43.270.458)	71.317.307
Skammtímaskuldir		<u>(632.367.116)</u>	<u>(91.604.712)</u>
		(675.637.574)	(20.287.405)
Innborgaðir vextir		203.993.845	33.277.759
Handbært fé frá rekstri		1.442.947.757	1.948.514.054
Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	9	(69.477.223)	(181.163.445)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		0	4.840.290
Viðskipti með markaðsverðbréf		<u>(1.773.525.699)</u>	<u>(273.549.218)</u>
		(1.843.002.922)	(449.872.373)
Fjármögnunarhreyfingar			
Ráðstafað til Háskóla Íslands	14	<u>(425.000.000)</u>	<u>(775.000.000)</u>
		(425.000.000)	(775.000.000)
Breyting handbærs fjár á árinu		(825.055.165)	723.641.681
Handbært fé í ársbyrjun		1.196.171.899	472.530.218
Handbært fé í árslok	13	<u><u>371.116.734</u></u>	<u><u>1.196.171.899</u></u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Happdrætti Háskóla Íslands var stofnað með lögum árið 1933 og fór fyrsti útdráttur fram 10. mars 1934. Tilgangur með stofnun happdrættisins er að afla fjár til húsbýgginga Háskóla Íslands, viðhalds þeirra og til tækjakaupa. HHÍ er ríkisstofnun og starfar samkvæmt lögum nr. 13/1973 og starfrækir þrjú happdrættisform; flokkahappdrætti, skjávélahappdrætti undir heitinu Gullnáman og skyndihappdrætti undir heitinu Happabrennan. Skilgreint hlutverk HHÍ er að veita fólki upplifun og afþreyingu sem felur í sér von um fjárhagslegan vinning. HHÍ gerir það með ábyrgum hætti í sátt við samfélagið.

Happdrætti Háskóla Íslands er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur er að Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskila

Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið áður. Ársreikningurinn er lagður fram miðað við áframhaldandi starfsemi.

Happdrættið flokkast sem meðalstór samstæða í skilningi laga um ársreikninga.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

2.1. Samstæðureikningsskil

Kaupaðferð í reikningshaldi er notuð við færslu kaupa samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð er metið sem gangvirði tilgreindra eigna sem látnar eru af hendi, útgefinna eiginfjárgæringa og skulda sem stofnað er til eða teknar eru yfir á viðskiptadegi, auk kostnaðar sem rekja má beint til yfirtökunnar. Aðgreinanlegar eignir og skuldir og skuldbindingar sem eru yfirteknar við sameiningu fyrirtækja eru metnar í upphafi á gangvirði á yfirtökudegi, án tillits til hversu mikil hlutdeild minnihluta er. Sú fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í yfirteknum aðgreinanlegum hreinum eignum er skráð sem viðskiptavild.

Viðskipti á milli fyrirtækja, innbyrðis stöður og óinnleystur hagnaður af færslum á milli fyrirtækja samstæðunnar eru felldar niður í samstæðureikningsskilunum. Óinnleyst tap er einnig fellt niður nema viðskiptin gefi vísbendingu um að virði eignarinnar sem var yfirfærð hafi rýrnað. Reikningsskilaaðferðir dótturfélaga eru í samræmi við aðferðir

Í lok ársins eru dótturfélag sem innifalin eru í samstæðureikningsskilunum þessi:

Nafn	Lögheimili	Eignarhluti
Húseignin Steindórsprent ehf.	Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík	100%

3. Samanburðarfjárhæðir

Samaburðarfjárhæðum hefur verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs tengt ógreiddum fjármagnstekjuskatti af markaðsverðbréfum, sjá skýringu 12.

Skýringar

4. Innlausn tekna

Happdrættið rekur þrjú happdrættisform og eru þau eftirfarandi:

Flokkahappdrætti

Flokkahappdrætti skiptist í 12 flokka á hverju ári. Mánaðarlega er dreginn út ákveðinn fjöldi hluta úr safni sem telur að hámarki 60.000 hluti og ræður hlutkesti valinu. Þátttakendur greiða endurnýjunarverð fyrir hlutamiða fyrir hvern flokk. Hver útdreginn hlutur veitir rétt til vinnings svo lengi sem greiðsla hafi borist Happdrættinu með skuldfærslu eða einstökum kaupum fyrir hvern útdrátt og hlutamiðinn telst gildur. Vinningar í happdrættinu eru dregnir út í aðalútdrætti og milljónaútdrætti þar sem upphæð vinnings er föst og fjöldi þeirra fyrirfram ákvarðaður í vinningaskrá. Áætlað vinningshlutfall er 70% af tekjum.

Tekjufærsla af flokkahappdrætti er innleyst við sölu eða endurnýjun á hlutamiðum í hverjum mánuði og vinningar eru gjaldfærðir sem hafa fallið á gilda miða í hverjum útdrætti.

Skyndihappdrætti

Undir skyndihappdrættinu eru skafmiðar (Happaprenna). Sótt er um útgáfu á nýjum flokki í Happaprennu fyrir hvern nýjan skafmiða sem kemur á markað þar sem tiltekinn er fjöldi miða í flokknum og vinningaskrá. Þátttakendur skafa hulið svæði á hverjum miða og kemur strax í ljós hvort vinning er að fá eða ekki. Undir skafreitnum er að finna QR kóða sem miðaeigandi getur skannað með Happinu og athugað með vinning og leggst vinningsfjárhæðin inn á spilareikning viðkomandi í Happinu. Vinningshlutfall er á bilinu 60-65%.

Tekjufærsla af skafmiðum er færð miðað við selda miða hjá umboðssölum hverju sinni og vinningar eru gjaldfærðir í samræmi við útborgaða vinninga hverju sinni.

Skjávélahappdrætti

Skjávélahappdrætti (Gullnáman) virkar þannig að vinningur kemur strax í ljós, ef um hann er að ræða, þegar spilað er. Happdrættisformin eru tvö, Gullnáman sem eru samtengdar vélar með gullpotti og Gullregn sem eru ósamtengdar vélar. Stakir vinningar eru frá 10 krónum og geta farið allt upp í 1 milljón króna. Gullpottur er að lágmarki 1 milljón króna og fer hæst í 17 milljónir króna. Vinningshlutfall í skjávélahappdrættinu er 92% af innri veltu.

Tekjufærsla af skjávélahappdrætti er færð þegar skjávélar eru tæmdar og innborgaðir seðlar í vélarnar eru lagðir inn á banka. Skjávélar eru tæmdar samkvæmt fyrirfram ákveðnu plani. Vinningar eru gjaldfærðir í samræmi við greidda vinninga hverju sinni.

Hreinar happdrættistekjur greinast þannig:	2023	2022
Rekstrartekjur flokka- og skyndihappdrættis	2.669.350.800	2.763.591.700
Vinningar flokka- og skyndihappdrættis	(1.842.500.850)	(1.859.493.200)
Hreinar happdrættistekjur flokka- og skyndihappdrættis	826.849.950	904.098.500
Hreinar happdrættistekjur skjávélahappdrættis	2.951.823.192	2.730.534.045
	<u>3.778.673.142</u>	<u>3.634.632.545</u>

5. Aðrar rekstrartekjur

Aðrar rekstrartekjur samanstanda af húsaleigu, afskrifuðum vinningum og öðrum tilfallandi tekjum.

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:	2023	2022
Laun	178.177.792	198.894.798
Mótframlag í lífeyrissjóð	24.860.729	27.892.681
Launatengd gjöld	15.179.706	17.204.986
	<u>218.218.227</u>	<u>243.992.465</u>

Fjöldi ársverka á árinu 2023 voru 13,59 (2022: 16).

Heildarlaun, þóknarir og ágóðahluti stjórnenda greinist þannig:

Forstjóri	27.566.351	26.372.232
Stjórnarlaun	6.469.596	4.663.584
	<u>34.035.947</u>	<u>31.035.816</u>

Skýringar

7. Leyfisgjald

Samkvæmt lögum skal greiða 20% af nettó ársarði af happdrættisstarfsemi í ríkissjóð. Við útreikning á leyfisgjaldi er undanskilinn rekstur á bílastæði á lóð happdrættisins, vaxtatekjur o.fl. Hámark leyfisgjalds er þó 150 milljónir króna á ári.

Á árinu 2023 nam leyfisgjaldið 150 milljónum króna, sama og árið áður.

8. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:	2023	2022
Vaxtatekjur	199.616.249	26.042.454
Gangvirðisbreyting sjóða í stýringu	51.164.087	(291.456.236)
Arðstekjur	4.377.596	7.235.305
	<u>255.157.932</u>	<u>(258.178.477)</u>

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2024. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Fjármagnstekjuskattur er færður til lækkunar á vaxtatekjum og á móti meðal skammtímaskulda.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning vegna skilgreindra fjáreigna á gangvirði fært í rekstrarreikning og á veltufjáreignum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

9. Efnislegar eignir

	Fasteignir og lóðir	Áhöld, tæki og innréttingar	Bifreiðar	Samtals
Árslok 2022:				
Bókfært verð í ársbyrjun	574.879.164	348.203.756	9.364.324	932.447.244
Viðbót ársins	18.343.035	158.322.410	4.498.000	181.163.445
Seldar eða niðurlagðar eignir	0	0	(3.084.485)	(3.084.485)
Afskriftir	(9.916.853)	(90.996.770)	(3.333.645)	(104.247.268)
Bókfært verð í árslok	<u>583.305.346</u>	<u>415.529.396</u>	<u>7.444.194</u>	<u>1.006.278.936</u>
Bókfært verð í árslok 2022 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	779.738.343	793.558.858	17.852.961	1.591.150.162
Uppsafnaðar afskriftir	(196.432.999)	(378.029.462)	(10.408.767)	(584.871.228)
Bókfært verð í árslok	<u>583.305.346</u>	<u>415.529.396</u>	<u>7.444.194</u>	<u>1.006.278.936</u>
Árslok 2023:				
Bókfært verð í ársbyrjun	583.305.346	415.529.396	7.444.194	1.006.278.936
Viðbót ársins	9.521.119	59.956.104	0	69.477.223
Leiðrétt milli flokka	401.403	(401.403)	0	0
Afskriftir	(10.124.670)	(122.479.137)	(2.021.880)	(134.625.687)
Bókfært verð í árslok	<u>583.103.198</u>	<u>352.604.960</u>	<u>5.422.314</u>	<u>941.130.472</u>
Bókfært verð í árslok 2023 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	789.249.462	853.524.962	17.852.961	1.660.627.385
Uppsafnaðar afskriftir	(206.146.266)	(500.920.002)	(12.430.647)	(719.496.915)
Bókfært verð í árslok	<u>583.103.198</u>	<u>352.604.960</u>	<u>5.422.314</u>	<u>941.130.472</u>
Afskriftarhlutföll	0-3%	15-33%	15%	

Skýringar

9. Efnislegar eignir, frh.

Efnislegar eignir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma eignanna.

Áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið og aðlagð, ef þörf er á, í lok hvers reikningssárs. Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söliverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna.

Fasteignamat og váttryggingaverðmæti

Fasteignir samstæðunnar í árslok 2023 voru eftirtaldar:

	Fasteignamat, hús	Fasteignamat, lóð	Brunabótamat	Bókfært verð
Fasteign og lóð - Tjarnargata 4	312.700.000	55.400.000	437.350.000	501.321.075
Fasteign og lóð - Bíldshöfði 16	90.700.000	21.450.000	159.250.000	40.732.121
Lóð - Tjarnargata 8	0	64.700.000	0	41.050.000
	<u>403.400.000</u>	<u>141.550.000</u>	<u>596.600.000</u>	<u>583.103.198</u>

Áhöld, tæki og innréttingar eru váttryggð fyrir 1.007 m.kr. samanborið við 933 m.kr. í fyrra. Fasteignin að Tjarnargötu 4 er með viðbótar brunatryggingu að fjárhæð 430 m.kr.

Veðsetningar

Á fasteignum samstæðunnar hvíla engin veð.

10. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

	2023	2022
Viðskiptakröfur	19.203.583	16.221.937
Kröfur vegna greiðslukorta	192.463.800	171.084.800
Niðurfærsla viðskiptakrafna	<u>(1.500.000)</u>	<u>(1.500.000)</u>
	<u>210.167.383</u>	<u>185.806.737</u>

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

11. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

	2023	2022
Birgðir af Happaprennum	10.863.151	10.942.075
Fyrirframgreiddur kostnaður	8.256.853	0
Virðisaukaskattur	16.304.127	4.434.167
Aðrar kröfur	<u>468.185</u>	<u>1.606.262</u>
	<u>35.892.316</u>	<u>16.982.504</u>

Aðrar skammtímakröfur eru færðar á nafnverði. Birgðir af Happaprennum eru færðar á kostnaðarverði við útgáfu þeirra.

Skýringar

12. Markaðsverðbréf

Markaðsverðbréf greinast þannig:	2023	2022
Bankainnstæður og lausafjárstöðir	68.206.135	54.149.640
Innlend hlutabréf	347.729.846	373.290.996
Erlend hlutabréf	158.116.487	141.466.102
Innlend skuldabréf	4.787.176.098	3.000.399.152
Erlend skuldabréf	97.423.269	64.656.159
	<u>5.458.651.835</u>	<u>3.633.962.049</u>

Markaðsverðbréf er verðbréfaeign samstæðunnar á hverjum tíma og eru í eignastýringu hjá viðskiptabönkum HHÍ.

Kaup og sala fjárfestinga er færð á viðskiptadegi - þann dag sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárfestingar eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði. Viðskiptakostnaður vegna fjáreigna sem færðar eru á gangvirði í rekstrarreikning er þó gjaldfærður. Fjárfestingar eru færðar út þegar réttindi til að taka á móti sjóðstreymi vegna fjárfestinga eru ekki lengur í gildi eða félagið hefur yfirfært því sem næst alla áhættu og umbun vegna eignarhalds.

Markaðsverðbréf sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í lok árs, en það telst vera verðið á síðasta skráningadegi ársins.

Markaðsverðbréf sem ekki eru skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði eru færð upp miðað við gengi sem er útgefið af sjóðunum. Það gengi á að endurspegla gangvirði undirliggjandi hluta- og skuldabréfa í sjóðunum að frádregnum kostnaði.

Sjá umfjöllun um fjárhagslega áhættustjórnun vegna markaðsverðbréfa í skýringu 18.

13. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:	2023	2022
Bankainnstæður í íslenskum krónum	202.250.268	1.071.951.784
Sjóðir í skjávélahappdrætti, áfallin sala	168.339.000	122.879.000
Sjóðir	527.466	1.341.115
	<u>371.116.734</u>	<u>1.196.171.899</u>

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum og skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða.

14. Eigið fé

Hlutafé

Happdrættið er ríkisstofnun og ber því ekki hlutafé.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Höfuðstóll
Hreyfingar 2022:	
Staða í ársbyrjun	3.497.612.505
Hagnaður ársins	1.589.589.657
Framlag og greiðslur til Háskóla Íslands	(775.000.000)
Staða í árslok	<u>4.312.202.162</u>
Hreyfingar 2023:	
Staða í ársbyrjun	4.312.202.162
Hagnaður ársins	2.012.951.648
Framlag og greiðslur til Háskóla Íslands	(425.000.000)
Staða í árslok	<u>5.900.153.810</u>

Skýringar

15. Lífeyrisskuldbinding

Til skuldar er færð áætluð hlutdeild HHÍ í eftirlaunaskuldbindingu vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna HHÍ sem voru og eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR). Til skuldar í ársreikningi HHÍ er um 100% af heildar skuldbindingum vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna. Þar sem LSR mun ekki geta staðið við þessar skuldbindingar þá lendir það á viðkomandi B hluta ríkisfyrirtækjum og ríkinu sjálfu að standa við skuldbindingarnar. Því er þessi skuldbinding færð upp í bókum HHÍ. Óvissa er hverjar heildargreiðslur HHÍ verða vegna þessa en líklegt er að þær verði á endanum lægri en uppfærð skuldbinding. Óski HHÍ eftir að greiða upp skuldbindinguna þá kæmu 671 milljónir króna til greiðslu.

Eftirlaunaskuldbinding sem hvílir á happdrættinu greinist þannig:	2023	2022
Fyrrverandi starfsmenn með verðtryggð réttindi	51.384.996	56.649.622
Fyrrverandi starfsmenn með óverðtryggð réttindi	681.511	684.640
Lífeyrisþegar	613.620.256	586.345.471
	<u>665.686.763</u>	<u>643.679.733</u>
Áætlaður kostnaður	4.992.651	4.827.598
	<u>670.679.414</u>	<u>648.507.331</u>
Reiknuð hlutdeild HHÍ í skuldbindingunni 100%	670.679.414	648.507.331
Áhrif skuldbindingarinnar á rekstur HHÍ er færður í rekstrarreikning og greinist þannig:		
Greiðslur til lífeyrissjóðs	44.100.090	39.636.489
Reiknuð breyting á eftirlaunaskuldbindingu	<u>22.172.083</u>	<u>(14.735.897)</u>
	66.272.173	24.900.592

16. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru dótturfélög, hlutdeildarfélag, stjórn félagsins, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa umtalsverð áhrif sem stórir hluthafar í félaginu. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	2023	2022
Skuld við Háskóla Íslands	0	700.000.000

17. Aðrar upplýsingar

Tekjuskattur

Happdrætti Háskóla Íslands er undanþegið greiðslu tekjuskatts. Jafnframt er dótturfélagið Húseignin Steindórsprent ehf. undanþegið tekjuskatti.

Leigusamningur

Félagið er með leigusamning við Reginn atvinnuhúsnæði ehf. fyrir leigu á Dvergshöfða 2. Samningurinn er til 10 ára og lýkur 31. maí 2032 og er leigan vísitölutengd. Samningurinn er þó uppsegjanlegur í fyrsta lagi 1. apríl 2026 með 12 mánaða uppsagnarfresti vegna hvers kyns ákvarðana ríkisvaldsins sem hefðu umtalsverð neikvæð áhrif á tekjustreymi HHÍ. Heildarleigugreiðslur ársins 2023 námu 31,5 m.kr og eru færðar í rekstrarreikningi meðal annars rekstrarkostnaðar.

Ónúvört skuldbinding vegna leigusamninga félagsins í lok ársins greinast með eftirfarandi hætti:

Leigugreiðslur árið 2024	32.499.624
Leigugreiðslur árið 2025	32.499.624
Leigugreiðslur árið 2026	32.499.624
Leigugreiðslur árið 2027	32.499.624
Leigugreiðslur árið 2028	32.499.624
Leigugreiðslur síðar	<u>111.040.382</u>
	273.538.502

Þóknun endurskoðanda

Þóknun endurskoðanda skiptist þannig:	2023	2022
Þóknun vegna endurskoðunar	3.749.304	3.148.948
Þóknun vegna annarrar vinnu	<u>1.065.424</u>	<u>1.555.921</u>
	4.814.728	4.704.869

Skýringar

18. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Áhættuþættir sem tengjast varðveislu og ávöxtun markaðsverðbréfa eru helst vegna vaxtabreytinga og áhrifa breytinga á gengi markaðsverðbréfa og gengi erlendra gjaldmiðla. Helsti fjárhagslegi áhættuþáttur HHÍ í varðveislu markaðsverðbréfa telst vera markaðsáhætta tengd fjárfestingu í verðbréfum. Áhættustýring er í höndum stjórnar félagsins sem markar fjárfestingastefnu.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði fjármálagerna vegna breytinga á markaðsverðum. Í fjárfestingastefnu HHÍ setur stjórn skýr mörk um eignasamsetningu. Þar með hefur HHÍ tryggt fjölbreytni í fjárfestingasafninu og markað áhættuvilja þess. Þær markaðsáhættur sem skoðaðar eru sérstaklega eru: vaxtaáhætta, hlutabréfaáhætta og gjaldeyrisáhætta. Markmiðið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Í árslok 2023 var staða eignastýringar hlutfallslega eftirfarandi:

	Kvika	Íslensk verðbréf	Fossar	Íslandsbanki
Innlán - peningamarkaðsinnlán	0,3%	0,4%	2,7%	0,9%
Skuldabréf	91,6%	74,8%	97,3%	94,6%
Hlutabréf	8,0%	24,8%	0,0%	4,5%
- þar af innlend hlutabréf	7,0%	15,5%	0,0%	2,4%
- þar af erlend hlutabréf	1,0%	9,4%	0,0%	2,1%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði fjármálagerna vegna breytinga á markaðsvöxtum.

Breyting á ávöxtunarkröfu og vaxtakjör eru þættir sem hafa mikil áhrif á ávöxtun innlendra skuldabréfa. Lækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands hefur áhrif til lækkunar á ávöxtunarkröfu flestra skuldabréfa sem skilar sér í hærra gengi og þar með ávöxtun. Hækkun stýrivaxta hefur hins vegar öfug áhrif á gengi skuldabréfa.

Næmnigreining skuldabréfa

Áhrif af 5% hækkun/lækkun í virði skuldabréfa þýðir breytingu á eignasafninu um kr. 244,2 milljónir.

Hlutabréfaáhætta

Hlutabréfaáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði skráðra og óskráðra hlutabréfa.

Næmnigreining fyrir hlutabréfaáhættu sýnir hvernig breytingar á gangvirði verðbréfa sveiflast vegna breytinga á markaðsverði, hvort sem verðbreytingarnar eru vegna einstakra fjárfestinga, útgefenda verðbréfa eða allra þátta sem hafa áhrif á fjármálagerna.

Næmnigreining hlutabréfa

Áhrif af 5% hækkun / lækkun í virði hlutabréfa þýðir breytingu á eignasafninu um kr. 25,3 milljónir.

Gjaldeyrisáhætta

Gjaldeyrisáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði fjármálagerna vegna breytinga á gengi gjaldmiðla.

HHÍ er með fjárfestingar í erlendum verðbréfum og sjóðum þar sem sveiflur í gengi íslensku krónunnar hafa áhrif á virði fjármálagerna.

Næmnigreining gjaldeyris

Áhrif af 5% hækkun / lækkun gengis íslensku krónunnar þýðir breytingu á eignasafninu um kr. 8,2 milljónir.

Undirritunarsíða

Forstjóri
Bryndís Hrafnkelsdóttir

Stjórnarformaður
Víðir Smári Petersen

Meðstjórnandi
Jenný Bára Jensdóttir

Meðstjórnandi
Kristbjörg Edda Jóhannsdóttir

lögiltur endurskoðandi
Sara Henný H Arnbjörnsdóttir